

## Stjórnarfundur KSÍ 31. janúar 2019

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Tillaga að breytingu á greinum 26. og 34.

### **Breytingar á greinum 26.2. og 34.2.**

#### **Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. (Bikarkeppni í 3. aldursflokki)**

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

*Lagt er til að grein 26.2, (og samhljóma grein 34.2) sem er svohljóðandi:*

#### **26.2. Bikarkeppni KSÍ**

26.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

26.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.

26.2.3. Keppnin er svæðakeppni og skal landinu skipt í fjögur svæði: Suður- og Vesturland, Vestfirði, Norðurland og Austurland.

26.2.4. Á Suður- og Vesturlandi skal leikið með útsláttarfyrikomulagi þannig, að sigurvegari leiks heldur áfram en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar. Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

26.2.5. Á hinum landssvæðunum skal leikið með sama hætti og á Suður- og Vesturlandi. Mótanefnd er þó heimilt að láta leika með útsláttarfyrikomulagi þannig, að bæði sé leikið heima og heiman.

26.2.6. Félag sem ferðast til leiks, skal greiða ferða- og upphaldskostnað sinn.

*verði svohljóðandi (samhljóma verði grein 34.2):*

#### **26.2. Bikarkeppni KSÍ**

26.2.1. Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

26.2.2. Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.

~~26.2.3. Keppnin er svæðakeppni og skal landinu skipt í fjögur svæði: Suður- og Vesturland, Vestfirði, Norðurland og Austurland.~~

26.2.3. **Keppnir skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Á Suður- og Vesturlandi skal leikið með útsláttarfyrikomulagi þannig, að sigurvegari leiks heldur áfram en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli.** Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar. **Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.**

26.2.4. **Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.**

26.2.5. **Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.**

~~26.2.5. Á hinum landssvæðunum skal leikið með sama hætti og á Suður- og Vesturlandi. Mótanefnd er þó heimilt að láta leika með útsláttarfyrikomulagi þannig, að bæði sé leikið heima og heiman.~~

~~26.2.6. Félag sem ferðast til leiks, skal greiða ferða- og upphaldskostnað sinn.~~

### **Greinargerð:**

Um er að ræða tillögu að breytingu sem unnin var af Mótanefnd KSÍ eftir yfirferð nefndarinnar á nógildandi reglugerð.

Með þessari breytingartillögu er lagt til að leggja niður svæðisbikarkeppnirnar og taka upp eina bikarkeppni líkt og er í 2. flokki karla og kvenna. Jafnframt er verið að taka upp skiptingu ferðakostnaðar líkt og er í 2. flokki karla og kvenna.

Með fækkun liða á Norður- og Austurlandi er keppnin þar ekki eins aðlaðandi og hún ætti að vera. Leikið er í landsdeildum í Íslandsmótinu líkt og í 2. flokki því er ekki óeðlilegt að taka upp keppni á landsvísu í bikarkeppninni líka.